Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026- 2027

SELJASKÓLI

Heiti verkefnis eða námsgreinar:			
Árgangur:	**6. bekkur**	**Námsgrein**	**Íslenska**
Tímabil:	**2026 – 2027**	**Kennarar:**	**Erlingur, Ingibjörg og Lena**

Lykilhæfni:

Nemandi getur tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt,
Nemandi getur valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.
Sjálfstæði og samvinna: Nemandi getur unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.
Nýtingin miðla og upplýsinga: Nemandi getur skilið að framsetning og gæði upplýsinga er háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.
Samskipti: Nemandi getur rætt um viðfangsefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn.
Skapandi og gagnrýnin hugsun: Nemandi getur spurt fjölbreyttra spurninga og nýtt þær til rannsókna á fjölbreyttum fyrirbærum.
Sjálfstæði og samvinna: Nemandi getur gert grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum.

Hæfnimiðvið;

- Lesfimi: nemandi getur lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt með tjáningu og flæði
- Lestraraðferðir: nemandi getur beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Lesskilningur: nemandi getur lesið texta við hæfi af góðum skilningi, greint aðalatriði og túlkað.
- Orðaforði: nemandi getur beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri.
- Lestur og túlkun bókmennta: nemandi getur lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.
- Orðflokkar: nemandi getur áttað sig á hvernig orðaforðinn skipist í sagnorð og fallorð, greint hlutverk og helstu einkenni.
- Stafsetning: Nemandi getur beitt algengum atriðum stafsetningar og einföldum greinamerkjum
- Ljóð: Nemandi getur notað einföld bókmenntahugtök, form og innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíking og boðskapur.
- Bókmenntagreining: Nemandi getur beitt nokkrum grunnhugtökum eins og tími, persónur, sögusvið, uppbygging og boðskapur við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.
- Uppbygging texta: nemandi getur skrifað texta sem byggður upp í upphaf, meginmál og lokaorð.
- Skapandi ritun: nemandi getur samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og getur í ritun tjáð hugmyndir sínar og reynslu.
- Gögn og hjálpargögn: nemandi getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- Orðtök og málshættir: Nemandi getur notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta.
- Sköpunarkraftur: nemandi getur nýtt orðaforða sinn til þess að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.

- Textategundir og málsnið: nemandi getur valið textategund, skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Framsögn: nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega
- Nýting miðla: nemandi getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni og greint frá aðalatriðum þess.
- Tjáning: Nemandi getur tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hóp.

Lýsing og kennsluaðferðir:

Íslenska er kennd átta sinnum í viku, fjórir tímar eru lestrartímar og hinir fjórir eru notaðir í kennslu málfræði, ljóða, stafsetningu og ritunar.

Innlagnir
Verkefnavinna
Samvinnuverkefni
Einstaklingsverkefni
Paraverkefni.

Námsgögn:

- **Orðspor 2, lesbók og vinnubók**
- **Málrækt 2.**
- **Smellur 2.**
- **Hinar ýmsu bækur sem notaðar eru í yndislestri.**
- **Finnbjörg**
- **Efni frá kennara.**

Námsmat/skil á verkefnum:

- **Unnið er eftir leiðsagnarnámi**
- **Próf**
- **Samvinnuverkefni metin**
- **Paraverkefni metin**
- **Einstaklingsverkefni metin.**

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026- 2027

SELJASKÓLI